Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **K2 Vena PRO**

Vörunúmer: **D0211 1 L**
D0205 5 L

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Bílahreinsilögur.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

Melle Sp.z.o.o.
Stary Staw 9, 63-400 OSTRÓW
WLKP, Pólland
00-48-62-735-1600
zakupy@inter-global.com.pl
www.inter-global.com.pl

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H318	Veldur alvarlegum augnskaða	Augnskað.1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar	H318	Veldur alvarlegum augnskaða
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
	P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.
	P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
	P310	Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni.
	P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT og vPvB.

Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur: Blanda af eftirfarandi efnum:

2-(2-Bútoxýetoxý)etanól			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 10**
Raðnúmer	603-096-00-8	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	203-961-6	**H-setningar**	-
CAS	112-34-5	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Augnert. 2 - **H319**			

D-glúkópýranósi, ólígómer, C8-10 glýkósíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 10**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	-	**H-setningar**	-
CAS	68515-73-1	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Augnskað.1 - **H318**			

1-Própanamínium, 3-amínó-N-(karboxýmetýl)-N,N-dímetýl-,N-(C8-18 og C18 ómettaðra asýl) afleiðusölt			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 10**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	931-333-8	**H-setningar**	-
CAS	68515-73-1	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Augnskað.1 - **H318,** Langv.eit.á vatn 3 - **H412**			

Ediksýra			
Skráningarnúmer ECHA	607-002-00-6	**Innihald %**	**< 3**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	200-580-7	**H-setningar**	-
CAS	64-19-7	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 3 - **H226,** Bráð eit.4 - **H312**, Húðæt. 1A - **H314** (>25% - H314, 10-25% - H315+H319)			

1-metoxý-2-própanól			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119457435-35	**Innihald %**	**< 3**
Raðnúmer	603-064-00-3	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	203-539-1	**H-setningar**	-
CAS	107-98-2	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 3 - **H226**, SEM-VES 3 - **H336**			

Ísópentýl asetat			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 3**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	204-662-3	**H-setningar**	-
CAS	123-92-2	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 3 - **H226**, Húðert.2 - **H315**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.

Snerting við húð Hreinsið húð með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið áður en notkun hefst að nýju. Almennt veldur varan ekki ertingu.

Snerting við augu Skolið með miklu vatni í nokkrar mínútur. Haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis.

Inntaka Leitið læknis séu óþægindi viðvarandi.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, sandur, slökkviduft, froða. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Notið vatnsúða á mikinn eld.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli, getur dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við hitaniðurbrot og bruna geta myndast eitraðar gufur og reykur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Ekki er þörf sérstakra ráðstafana, en fylgið almennum öryggisvenjum.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.
Tilkynnið Umhverfis- og Orkustofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg.
Setjið í þar til gerð, vel merkt og lukt ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Ekki er þörf sérstakra ráðstafana, en fylgið almennum öryggisvenjum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
2-(2-Bútoxýetoxý)etanól	10	68	15	101	WEL
Ediksýra	10	25	20	50	WEL
1-metoxý-2-própanól	100	375	150	568	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar



Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166).

Húð - hendur Notið efnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr nítrílgúmmíi. (EN374).
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri Almennt er ekki er þörf á notkun öndunarhlífa.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Sjá vörulýsingu
Vatnsleysni:	Leysanlegt
Sjálftendrun:	Varan er ekki sjálftendrandi
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við hitaniðurbrot og bruna geta myndast eitraðar gufur og reykur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Húðæting/erting	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Alvarlegur augnskaði	Veldur alvarlegum augnskaða.
Næming, húð/öndunarfæri	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Eiturhrif á æxlunarfæri	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Krabbamein	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Stökkbreytingar	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Eiturhrif á líffæri eitt skipti	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Eiturhrif á líffæri endurtekin	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.
Ásvelgingarhætta	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.

K2 Vena PRO					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>35333	mg/kg	kanína	

2-(2-Bútoxýetoxý)etanól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	5660	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	4000	mg/kg	kanína	

Ediksýra					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	3310	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	1060	mg/kg	kanína	

1-metoxý-2-própanól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	5660	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	13000	mg/kg	kanína	

Ísópentýl asetat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	16000	mg/kg	rotta	

11.2 Annað

Áhrif á innkirtla: Ekkert innihaldsefna er skráð sem slíkt.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Losið ekki óþynnt í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hefur væg skaðleg áhrif á drykkjarvatn.

12.2 Þrávirkni og niðurbrot Varan brotnar niður (>70%).
12.3 Uppsöfnun í lífverum Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.
12.4 Dreifanleiki í jarðvegi Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.
12.5 PBT/vPvB Ekkert innihaldsefna er skráð sem slíkt.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IMDG: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IATA: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:
Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir, 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.3 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H226	Eldfimur vökvi og gufa
H312	Hættulegt í snertingu við húð.
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
H315	Veldur húðertingu.
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Útgáfa/Dags: 1 / 30.05.2026

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***MELLE SP.Z.O.O.***
SAFETY DATA SHEET according to 1907/2006/EC, Article 31
K2 VENA PRO
Endurskoðað: *12.06.2023 Útgáfa 3*